




Reykjavík, 15. maí 2025
USK25030288

Hjallavegur 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn Þóris Gísla Sigurðssonar, dags. 21. mars 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 1 við Hjallaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. maí 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4 - Laugardal og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB23.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sundin, samþykkt í borgarráði 10. nóvember 2005 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Vegna sóðaskapar við grenndargáma norðan lóðar er óskað eftir að fá að stækka lóð nr. 1 við Hjallaveg til norðurs. Samkvæmt deiliskipulagi er umrætt svæði á borgarlandi og á hluta þess eru heimil bílastæði.

Leitað var umsagnar skrifstofu umhverfisgæða þar sem fram kemur að grenndarstöðin á horni Hjallavegs og Kleppsvegur hafi nýlega verið endurgerð með hellulögn og skjólgirðingu. Þar segir jafnframt að grenndarstöðin gegni mikilvægu hlutverki til að tryggja aðgengi íbúa Laugaráss og Sunda að gámum fyrir flokkaðan úrgang.

Af ofangreindum ástæðum er því ekki hægt að verða við óskum lóðarhafa um stækkun lóðar.

Niðurstaða

Ekki er hægt að verða við óskum lóðarhafa um stækkun lóðar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur